

Netsími

08.07.2026

Netsíminn færir heimasímann í tölvu eða snjallsímann.

Þú færð íslenskt símanúmer sem byrjar á **499 xxxx** og getur notað þjónustuna hvar sem er í heiminum. Þú hringir án endurgjalds í alla heima- og farsíma á Íslandi fyrir 0 kr. Öll móttekin símtöl teljast sem innanlandssímtöl, sama hvar þú ert í heiminum þannig að vinir og vandamenn geta einnig hringt í þig og borga einungis fyrir venjulegt innanlands símtal því öll símtöl eiga upptök sín á Íslandi.

Ekki er hægt að virkja sérþjónustur með Netsímanum.

Það er ekkert stofngjald greitt en mánaðargjald fyrir þjónustuna má sjá [í verðskrá](#) fyrir Heimasíma.



Ef þú vilt stofna Netsíma hafðu þá samband við þjónustuverið okkar.

Hvernig set ég upp Netsímann?

Uppsetning á Netsímanum fyrir Apple iOS

- **Veldu símanúmer og lykilorð**
 - Til að setja upp Netsímann á Apple iOS þarftu símanúmer og lykilorð. Þú sækir hvoru tveggja á þjónustuvefnum.
- **Sæktu forritið Zoiper**
 - Leiðbeiningar á uppsetningu sýna hvernig þú setur upp forrit sem heitir Zoiper í iPhone. Þetta þýðir samt ekki að Síminn mæli með notkun á einhverju einu forriti fram yfir annað. Leiðbeiningarnar er auðveldlega hægt að staðfæra yfir á önnur forrit sem styðja svokallaðan SIP-staðal.
- **Uppsetning**
 - Þegar þú hefur hlaðið forritinu niður skaltu opna það og fara í **Settings**. Því næst smellir þú á **Accounts**.
 - Næst skalt þú smella á plúsinn uppi hægra megin, þá spyr forritið þig hvort þú eigir nú þegar account, þar skal þú smella á **yes**.
 - Næst skalt þú velja **Manual configuration** og því næst smella á **SIP account**.
 - Hér slærð þú inn eftirfarandi upplýsingar:
 - Account name: Nafnið á viðskiptavini
 - Domain: tolvusiminn.siminn.is
 - User name: 499**** (símanúmer)
 - Password: (sem þú fékkst í töluvpósti)
 - Caller ID: (á ekkert að skrifa þar)
 - Svo þarf að haka í „user outbound proxy“ og setja Outbound Proxy: tolvusiminn.siminn.is
 - Nú ætti uppsetningunni að vera lokið og þú getur farið að hringja úr farsímanum þínum með Netsímanum.

Uppsetning á Netsímanum fyrir Android

- **Veldu símanúmer og lykilorð**

- Til að setja upp Netsímann á Android þarftu símanúmer og lykilorð. Þú sækir hvoru tveggja á Þjónustuvefnum.

- **Sæktu forritið Zoiper**

- Leiðbeiningar á uppsetningu sýna hvernig þú setur upp forrit sem heitir Zoiper í Android. Þetta þýðir samt ekki að Síminn mæli með notkun á einhverju einu forriti fram yfir annað. Leiðbeiningarnar er auðveldlega hægt að staðfæra yfir á önnur forrit sem styðja svokallaðan SIP-staðal.

- **Uppsetning**

- Þegar að þú hefur sótt forritið í tækið þitt skaltu opna það og skrá þig inn.
 - Undir **Username** setur þú netsímanúmerið.tolvusiminn.siminn.is (499xxxx.tolvusiminn.siminn.is)
 - Undir **Password** setur þú lykilorðið sem að þú fékkst sent í tölvupósti
 - Eftir innskráningu setur þú hak í *My provider/PBX requires an authentication username or outbound proxy*
 - Þar setur þú netsímanúmerið í **Authentication Username** og velur **SIP TCP** og að lokum **Finish**
 - Það vísar þér aftur á forsiðu appsins, þar velur þú valmyndar hnappinn uppi í vinstra horninu.
 - Inni í valmyndinni velurðu **Connectivity**
 - Þar hakarðu úr **Enable PUSH proxy** og ferð til baka
 - Appið endurræsir sig við það
 - Að lokum þarf að fara inn í **Settings**
 - Þar velur þú **Accounts**
 - Ýtir á númerið
 - Velur **Outbound proxy**, og setur inn **tolvusiminn.siminn.is**
 - Þá er aðgangurinn tilbúinn

Hvar get ég fengið nýtt lykilorð?

Þú getur sótt nýtt lykilorð fyrir Netsímann á [Þjónustuvefnum](#).

Hvar get ég sagt upp Netsímanum?

Þú getur sagt Netsímanum upp á [Þjónustuvefnum](#) eða haft samband við þjónustuverið okkar.
